AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi fyrir Keflavík, Njarðvíkur og Keflavíkurflugvöll 1982-2002.

Samkvæmt beiðni bæjarstjórnar Reykjanesbæjar, bæjarstjórnar Sandgerðisbæjar, hreppsnefndar Gerðahrepps og varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 8. nóvember 1995 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á aðalskipulagi fyrir Keflavík, Njarðvíkur og Keflavíkurflugvöll 1982-2002, með síðari breytingum og staðfest var af utanríkisráðherra 12. október 1983 og af félagsmálaráðherra 20. september.

Breytingin er fólgin í því að í stað einnar umferðartengingar frá Reykjanesbraut að Víknavegi og áfram að Garðskagavegi koma tvær umferðartengingar. Annarsvegar frá Reykjanesbraut að Víknavegi til Sandgerðis og hinsvegar frá Reykjanesbraut að Víknavegi og yfir á Garðskagaveg til Garðs. Hringtorg verða á tveimur stöðum þ.e. við Rósaselsvötn og Mánagrund. Ennfremur verða göng fyrir hesta og gangandi undir veginn á milli hringtorga.

Fram hefur farið mat á umhverfisáhrifum vegna lagningar Garðskagavegar, sbr. úrskurð embættis skipulagsstjóra dags. 8. ágúst 1995.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar, bæjarstjórn Sandgerðisbæjar, hreppsnefnd Gerðahrepps og varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins hafa lýst yfir ábyrgð gagnvart hugsanlegum skaðabótakröfum sem leiða kunna af þessari breytingu.

Ofangreint auglýsist hér með, að höfðu samráði við utanríkisráðuneytið vegna Keflavíkurflugvallar, skv. 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Umhverfisráðuneytið, 28. desember 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Hrafn Hallgrímsson.